

## **Greinargerð**

til Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um skaðabóta- og refsiábyrgð sjálfbóðaliða, sem starfa í þágu sambandsins eða sambandsaðila.

### **1. Inngangur**

Með tölvuskeyti 13. mars 2023 óskaði ÍSÍ eftir því að ég fjallaði um nokkur álitaefni sem lúta að skaðabóta- og refsiábyrgð sjálfbóðaliða sem starfa fyrir sambandið eða sambandsaðila eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. laga sambandsins.

Í tölvuskeytinu segir að starf sjálfbóðaliða sé afar mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna, hvort heldur sé um að ræða einstök íþróttafélög, sérsambönd eða héraðssambönd. Slík störf séu mismunandi og eru nefnd sem dæmi hvers konar fjárlögun, undirbúningur móta og annarra viðburða, dómgæzla, eftirlit og stjórnun móta og annarra viðburða, fararstjórn, akstur til og frá mónum, miðasala og aðstoð við keppnishald og frágangur eftir móti. Sjaldnast sé haldin skrá yfir sjálfbóðaliða eða störf þeirra hverju sinni, þá komi þeir að starfinu með ýmsum hætti. Ekki hafi verið settar almennar reglur um störf þeirra í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Tekið er fram að brýnt sé að skýra nánar réttarstöðu sjálfbóðaliða þegar þeir starfa fyrir íþróttahreyfinguna. Það lúti bæði að skaðabótaábyrgð þeirra sem og hugsanlegri refsiábyrgð, bæði vegna athafna og athafnaleysis. Í þeim efnum sé líka mikilvægt að kanna með sama hætti innbyrðis réttarstöðu sjálfbóðaliða og viðkomandi sambandsaðila.

Að teknu tilliti til framangreinds er þess óskað í tölvuskeytinu að tekið verði til skoðunar eftirfarandi álitaefni, en bent til hliðsjónar á umfjöllun sem birzt hafi á tilgreindu vefsíðu þar sem meðal annars sé vikið að þeim álitaefnum sem hér séu til athugunar.<sup>1</sup>

### **2. Álitaefni til umræðu**

Í tölvuskeytinu eru síðan tilgreind nokkur álitaefni, sem óskað er eftir því að fjallað verði um í greinargerð þessari og svarað þeim spurningum, sem þar koma fram. Auk þess er hér fjallað um nokkur önnur álitaefni, sem talin eru hafa þýðingu fyrir málefnið. Er þar einkum átt við vátryggingar sem skipt geta miklu máli.

---

<sup>1</sup> Í þeim skrifum er einnig bent á grein Jóns Steinars Gunnlaugssonar; Um lagalega ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómtundastarfi fyrir börn og unglings, Tímarit lögfræðinga, 4. hefti 1999, bls. 299-315.

Þau álitaefni, sem um verður fjallað eru:

1. Hver er grundvöllur skaðabótaábyrgðar sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni? (persónuleg ábyrgð, vinnuveitandaábyrgð eða hvort tveggja?)
2. Hver er grundvöllur refsiábyrgðar sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni?
3. Hvað þarf til að koma svo ábyrgð sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni verði virk? Átt er bæði við skaðabótaábyrgð og refsiábyrgð.
4. Hvaða þýðingu hefur tilvist vátrygginga á skaðabóta- og refsiábyrgð sjálfboðaliða?
5. Hvaða leiðir standa íþróttahreyfingunni til boða til að tryggja betur stöðu sjálfboðaliða. Í þessu sambandi er fyrst og fremst litið til þess möguleika að vátryggja þá hagsmuni, sem hér um ræðir, svo sem ef þriðji maður verður fyrir tjóni vegna starfa sjálfboðaliða, en einnig ef sjálfboðaliðinn sjálfur verður fyrir tjóni við störf sín fyrir íþróttahreyfinguna. Þá þarf einnig að hafa í huga að félög kunna að bera ábyrgð á tjóni á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar vegna athafna eða athafnaleysis sjálfboðaliða.

### 3. Greinargerð um álitaefnin

#### 3.1 Meginreglan um grundvöll skaðabótaábyrgðar sjálfboðaliða

Meginregla skaðabótaréttar er sú, að sjálfboðaliði sem veldur öðrum, einstaklingi eða lögaðila, líkams- eða munatjóni, ber persónulega ábyrgð á því tjóni eins og hver annar, allt að því tilskyldu að uppfyllt séu skilyrði um grundvöll skaðabótaábyrgðar.

Grundvöllur skaðabótaábyrgðarinnar, þ.e. sú regla sem skaðabótaábyrgðin yrði reist á, er sakarreglan, sem svo er kölluð. Hún felur í sér að ef líkams- eða munatjóni er valdið af ásetningi eða gáleysi þá eigi tjónvaldur að bera persónulega ábyrgð á því. Með gáleysi í þessu sambandi er almennt átt við kæruleysi, hugsunarleysi eða aðra sambærilega hegðun, þ.e. þegar maður ætlar sér ekki að valda tjóni en gerir það samt vegna mistaka, kæruleysis eða athugunarleysis eða með því að brjóta, oft óafvitandi, reglur sem lúta að því hvernig hann hefði átt að hegða sér. Mat á því hvort sá sem tjóni veldur hafi gert það af gáleysi er oftast atviksbundið, þótt nokkuð mótaðar reglur um slíkt mat hafi fests í sessi. Matið getur verið misjafnlega strangt. Á sumum sviðum t.d. þar sem sérfræðingar eiga í hlut er það strangt. Þegar þeir gera mistök í sérfræðistörfum sínum, sem leiða til tjóns, er algengt að það sé metið þeim til gáleysis og þar með felld á þá skaðabótaábyrgð. Á hinn bóginn má slá því föstu að mat á því hvort sjálfboðaliði, sem starfar í þágu t.d. íþróttafélags við fjáröflun eða hefur umsjón með ungum iðkendum á móti eða í æfingaferð, yrði ekki látinna sæta

ströngu sakarmati. Líklegast yrðu gerðar kröfur til þess að gáleysi hans væri augljóst og lítt eða ekki afsakanlegt til þess að á hann yrði felld skaðabótaábyrgð.

Ef strangari skaðabótareglur gilda á því sviði sem tjóninu er valdið, eiga þær líka við um sjálfboðaliðann. Sem dæmi um það má nefna að ef sjálfboðaliði, sem að beiðni íþróttafélags ekur iðkendum á eigin bifreið til æfinga eða keppni veldur tjóni með akstri sínum myndu gilda um það bótareglur laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, þ.e. svonefnd hlutlæg ábyrgð, sem er mun viðtækari en sakarreglan sem áður er lýst.

Samkvæmt framansögðu er meginreglan sú, að sjálfboðaliði ber ábyrgð á tjóni sem hann veldur, með sama hætti og á grundvelli sömu reglna og aðrir. Frá þessari meginreglu eru þó margar undantekningar, sem eiga við um sjálfboðaliða og líka aðra, þótt ekki sé endilega um sömu undantekningar að ræða í hvoru tilviki um sig.

### *3.2 Gildir reglan um vinnuveitandaábyrgð/húsþónaábyrgð ef sjálfboðaliði veldur tjóni?*

#### *3.2.1 Almennt um þetta álitaefni*

Svarið við þessu er já, en aðeins að því tilskildu að skilyrðum vinnuveitandaábyrgðar sé fullnægt. Ef reglan um vinnuveitandaábyrgð á við, þá ber sá sem talinn er vinnuveitandi, einnig skaðabótaábyrgð á tjóninu sem „starfsmaður“ hans hefur valdið.

Tveimur mikilvægum spurningum þarf að svara í þessu sambandi, þ.e. hvenær á þá reglan um vinnuveitandaábyrgð við og ef svo er hvort það leysi sjálfboðaliðann undan þeirri persónulegu ábyrgð, sem lýst er að framan.

#### *3.2.2 Hvencér á reglan um vinnuveitandaábyrgð við?*

Reglan á fyrst og fremst við þegar svokallað vinnuréttarsamband er á milli vinnuveitanda og starfsmanns. Þá fer vinnuveitandi með boðvald yfir starfsmanni um allt sem lýtur að framkvæmd starfans og starfsmaðurinn vinnur starf sitt í þágu vinnuveitandans nánast alltaf fyrir þóknun, sem annað hvort er ákveðin sem laun samkvæmt kjarasamningi og/eða með sérstökum samningi við vinnuveitandann. Engu skiptir hvort starfsmaður er ráðinn tímabundið eða ótímabundið, hvort hann er á reynslutíma eða ekki og hvort hann er ráðinn til að sinna sérstóku verkefni hjá vinnuveitandanum eða hefur almennt verksvið.

Þrátt fyrir nafnið gildir reglan um vinnuveitandaábyrgð ekki aðeins um tilvik þar sem um er að ræða vinnuveitanda og starfsmann. Hún er talsvert viðtækari en svo. Það hefur mótað í langri

dómaframkvæmd hvaða tilvik, utan þeirra sem áður eru nefnd, falla undir regluna og þau eru mörg. Sem dæmi um slíka dóma má nefna.

*Hrd. 1984, bls. 554.* Í þessu máli var deilt um ábyrgð á tjóni sem varð á bifreið er stóð við hús á Laugavegi í Reykjavík á meðan eigandi hennar, G, snæddi hádegisverð á veitingahúsi þar hjá. Tjónið varð er stórt klakastykki fíll af niðursfalli sem var á svöllum hússins, lenti á þaki hússins við hliðina og rann þaðan á bifreiðina og skemmdi. Eigandi hússins með svölunum var fjarverandi þegar tjónið varð, en hann hafði beðið mann, er rak verzlun á jarðhæð hússins, um að passa upp á húsið ef eitthvað kæmi upp á meðan hann væri í burtu. Í dómi kom fram að leitt var í ljós að maðurinn sem gæta átti hússins hafði verið láttinn vita um klakastykkið og að af því stafaði hætta, en hann hefði þó ekki brugðist við. Deilt var um hvort eigandi hússins ætti að bera ábyrgð, þótt hann hefði ekkert vitað um aðstæður, vegna þess að sá sem annast átti húsið hefði sýnt af sér saknæma vanrækslu með því að bregðast ekki við hættuástandi sem varð vegna klakastykkisins. Í dóminum var talið maðurinn sem átti að annast húsið hefði verið starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð og að þar sem hann hefði sýnt af sér saknæma vanrækslu ætti eigandi hússins, sem þá taldist vinnuveitandi í skilningi reglunnar, að vera skaðabótaskyldur.

Í *Hrd. 1957, bls. 414* var íþróttafélag, KR, talið vinnuveitandi smiðs, sem vann við að reisa íþróttahús sem félagið átti. Vísað var til þess að KR hefði greitt smiðnum laun hans og að arkitekt á vegum KR hefði samið við smiðinn og húsmiðameistara, sem tekið hafði verkið að sér. Var sá síðarnefndi ekki talinn vinnuveitandi smiðsins, heldur KR.

Af þessum og öðrum dóum má fullyrða að það er mjög háð atvikum hverju sinni hvort um sé að ræða slíkt samband milli manns og húsbóna/vinnuveitanda svo að reglan um vinnuveitendaábyrgð teljist eiga við. Nokkur atriði geta verið til leiðbeiningar um hvort reglunni um vinnuveitendaábyrgð verði beitt eða ekki. Þau atriði, sem athuga þarf eru:

EKKI þarf eiginlegt samningssamband að vera fyrir hendi milli þess sem vinnur verk og þess sem það er unnið fyrir.

EKKI er þörf á að um launagreiðslur sé að ræða þótt oftast sé sú raunin.

Sambandi þess sem verk vinnur og hins sem það er gert fyrir verður þó að nokkru marki að svipa til vinnuréttarsambands, einkum um eftirtalin atriði:

Verk verður að vera unnið að beiðni þess sem það er unnið fyrir og í þágu hans.

Sá, sem verk er unnið fyrir, þarf að hafa svokallað boðvald yfir þeim, sem verkið vinnur. Hann þarf þannig að geta gefið fyrirmæli um að verk sé unnið. Oftast getur hann líka gefið fyrirmæli um hvernig það sé unnið, þótt það skilyrði sé ekki fyrirvaralaust.

Samantekið og með nokkurri einföldun má segja, að það sé skilyrði þess að A beri vinnuveitendaábyrgð á líkams- eða munatjóni, sem B veldur, að B hafi unnið verkið í þágu A, að beiðni A eða með vitund hans og að A hafi að minnsta kosti haft möguleika til þess að gefa fyrirmæli um að verk skuli unnið og oftast hvernig það skuli gert.

### *3.2.3 Hvenær á þá reglan um vinnuveitandaábyrgð við um sjálfboðaliða?*

Af því sem að framan greinir er ljóst að sjálfboðaliði er ekki alltaf í þeirri stöðu að regla um vinnuveitandaábyrgð eigi við. Skilyrðið er að hann sinni verki að beiðni íþróttafélags eða fulltrúa þess, sem til þess hefur heimild, og sem að minnsta kosti getur gefið fyrirmæli um hvort og oftast hvernig verkið sé unnið og að það sé unnið í þágu íþróttafélagsins.

Þannig myndi fararstjórn foreldris eða annars með hóp iöknda í æfingaferð, keppnismót eða leik geta fallið undir regluna. Einnig önnur vinna við undirbúning æfinga eða keppni sem fer fram að beiðni, beinni eða óbeinni, íþróttafélags. Loks getur fallið undir regluna vinna sjálfboðaliða við fjároflun, sem ákveðin er á vettvangi íþróttafélags eða deilda þess.

Á hinn bóginn félli ekki undir regluna þótt foreldrar tækju sig saman um að aka börnum til æfinga eða keppni, eða skiptast á um viðveru á æfingum eða í keppni, eða ákveða, án beiðni íþróttafélags, að fylgja börnum sínum og e.t.v. annarra í æfinga- eða keppnisferðum.

Óhjákvæmilegt er að upp komi vafatilvik, en skilyrðið um að íþróttafélag biðji um að verk sé unnið og að það sé unnið í þágu þess og á þann hátt, sem það vill, er mikilvægt. Það gerist almennt ekki sjálfkrafa að samband þess sem telur sig sjálfboðaliða og íþróttafélags verði slikt að reglan um vinnuveitandaábyrgð eigi við.

### *3.2.4 Ef reglan um vinnuveitandaábyrgð á við losnar þá sjálfboðaliði undan ábyrgð?*

Meginreglan er sú, að vinnuveitandaábyrgð, þ.e. skaðabótaábyrgð þess sem telst vinnuveitandi/húsbóni, kemur til viðbótar ábyrgð „starfsmanns“ sem veldur tjóninu og hann losnar því ekki undan ábyrgð. Frá þessu eru þó mikilvægar undantekningar.

ÍSÍ óskaði á síðari stigum eftir að því yrði svarað, hvort sjálfboðaliði, sem valdið hefði líkams- eða munatjóni og hefði verið talinn starfsmaður og þar með fallið undir regluna um vinnuveitendábyrgð, gæti átt endukröfurétt á hendur íþróttafélagi, vegna skaðabóta sem sjálfboðaliðinn hefði greitt. Með sama hætti má spyrja hvort íþróttafélag sem greitt hefur skaðabætur vegna tjóns, sem sjálfboðaliði hefur valdið af ásetningi eða gáleysi, geti endurkrafið sjálfboðaliðann. Úr þessum álitaefnum er leyst í 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með eftirfarandi hætti:

Ef vinnuveitandi (íþróttafélag) greiðir skaðabætur vegna líkams- eða munatjóns, sem starfsmaður hefur valdið af ásetningi eða gáleysi, getur hann endurkrafði starfsmanninn að því marki sem telja má það sanngjarnt þegar litíð er til sakar og stöðu starfsmannsins.

Ef starfsmaðurinn (sjálfboðaliðinn) hefur greitt skaðabætur vegna líkams- eða munatjóns sem hann hefur sjálfur valdið af ásetningi eða gáleysi getur hann með sama hætti endurkrafið vinnuveitandann (íþróttafélag) að því marki sem telja má það sanngjarn. Hér yrði einnig miðað við hve mikil sök sjálfboðaliðans er og hver staða hans sé.

Auk þessa er sérstakt ákvæði í 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga sem heimilar að skerða eða fella niður skaðabótaábyrgð starfsmanns, sem valdið hefur tjóni, ef það yrði talið sanngjarnit þegar litið er til atvika og hagsmuna tjónþola. Sé tjónþoli t.d. vátryggður of fær tjón sitt bætt að fullu þannig má fullyrða að ekki kæmi til skaðabótaábyrgðar sjálfboðaliðans.

Samantekið er líklegt að 23. gr. yrði skýrð svo að ef starfsmaður (sjálfboðaliði) veldur líkams- eða munatjóni með gáleysi, sem ekki telst alvarlegt, og hann gerir það þegar hann er í raun að sinna sjálfboðaliðastarfí sínu, gæti vinnuveitandi (íþróttafélag) almennt ekki endurkrafið hann um skaðabæturnar sem félagið hefði greitt. Hafi vátryggingafélag greitt slíkar bætur ætti það ekki endurkröfurétt á sjálfboðaliðann. Auk þess opnar 23. gr. fyrir möguleika á því að draga úr ábyrgð starfsmenn, sem líklega ætti sérstaklega við um sjálfboðaliða. Eins og fram kemur að ofan er allt slíkt mat reist á sanngirnissjónarmiðum og því atviksbundið. Í því felst að sjálfboðaliði, sem sjálfur hefði greitt skaðabætur til tjónþola, ætti að jafnaði endurkröfurétt í heild eða að hluta á hendur íþróttafélagi.

### *3.3 Hver er grundvöllur refsiábyrgðar sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni?*

Sjálfboðaliði, hvort heldur er í íþróttahreyfingunni eða annars staðar, sætir refsiábyrgð eftir sömu reglum og allir aðrir, þótt fullyrða megi að mat á saknæmi hans væri líklegast ekki strangt.

Í þessu felst að um sjálfboðaliðann gilda sömu refsiákvæði og aðra, bæði almenn refsiákvæði sem er að finna í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, og svonefndum sérrefsilögum, sem eru mörg og gilda á sérstökum sviðum, svo sem umferðarlög nr. 77/2019 og fleiri lög. Oftast er það svo að maður telst ekki hafa framið refsiverðan verknað nema hafa brotið af sér af ásetningi. Stundum nægir þó gáleysi til. Má finna dæmi um það í þeirri ákæru sem birt hefur verið vegna svonefnar hoppukastalaslyss á Akureyri 1. júlí 2021. Þar eru ákærðu, en meðal þeirra eru menn sem voru sjálfboðaliðar í þágu íþróttafélags, sakaðir um að hafa með tiltekinni háttsemi valdið slysi af gáleysi og um það vísað til 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þetta er tekið hér sem dæmi, en hafa ber í huga, sérstaklega í þessu tilviki, að þótt ákært sé eru sakaðir menn saklausir unz sekt þeirra er sönnuð.

Í refsirétti gildir engin regla sambærileg reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Ábyrgðin hvílir því á einstaklingnum sjálfum, hvort sem hann er sjálfboðaliði eða í öðru hlutverki.

### *3.4.3 Hvað þarf til að koma svo skaðabóta- eða refsiábyrgð sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni verði virk?*

Þessari spurningu er svarað að nokkru marki að framan. Henni má í stuttu máli svara svo, að það þurfi ekkert sérstakt að koma til annað en að sjálfboðaliðinn, sem fellur undir regluna um vinnuveitandaábyrgð, hafi valdið líkams- eða munatjóni með saknæmum og ólögmætum hætti. Þá ber hann, að öðrum skilyrðum uppfylltum, skaðabótaábyrgð og „vinnuveitandi hans“, hér íþróttafélagið, einnig.

Um refsiábyrgðina má segja það sama. Sá sem telst sjálfboðaliði í þágu íþróttafélags ber refsiábyrgð á sama grundvelli og sá sem ekki er sjálfboðaliði. Ekkert sérstakt þarf að koma til annað en að refsiverður verknaður sé framin.

### *3.5 Hvaða þýðingu hefur tilvist vátrygginga á skaðabóta- og refsiábyrgð sjálfboðaliða?*

#### *3.5.1 Refsiábyrgð*

Sé byrjað á refsiábyrgð í þessu sambandi þá hefur tilvist vátrygginga yfirleitt engin áhrif á refsiábyrgð, hvorki sjálfboðaliða né annarra.

#### *3.5.2 Áhrif vátrygginga á skaðabótaábyrgð – Athuga þarf að skilmálar eru mismunandi*

Um áhrif vátrygginga á skaðabótaábyrgð gegnir á hinn bóginn allt öðrum máli. Þau áhrif eru margþætt og engin leið að fjalla um þau öll hér, heldur einungis þau sem ætla má að helzt skipti máli. Áður en að því er vikið þarf að undirstrika alveg sérstaklega að vátryggingarskilmálar einstakra vátryggingafélaga og einstakir skilmálar innan hvers félags geta verið mismunandi og veitt vernd í sumum tilvikum en ekki öðrum. Ævinlega þarf því að skoða sérstaklega þá skilmála sem eiga við í hverju tilviki.

#### *3.5.3 Gilda heimilis- og fjölskyldutryggingar um sjálfboðaliða?*

Flestir íslenzkar fjölskyldur hafa tekið heimilis- eða fjölskyldutryggingar. Slíkar vátryggingar eru það sem nefnt er samsettar vátryggingar, þ.e. í þeim flestum eru margar tryggingar, en það er mismunandi, oft eftir hvað iðgjöld eru há, hve margar þær eru og hve ábyrgðin er víðtæk. Dæmi um vátryggingar sem eru í flestum heimilis- og fjölskyldutryggingum eru; innbústrygging, slysatrygging í frítíma, ábyrgðartrygging, einhvers konar ferðatrygging og réttaraðstoðartrygging. Flest vátryggingafélög bjóða nokkra flokka heimilis- og fjölskyldutrygginga. Iðgjöld eru

misjafnlega há eftir því hve víðtækar vátryggingarnar eru og er verndin mest í dýrustu flokkunum. Í flestum tilvikum er unnt með samkomulagi við viðkomandi vátryggingafélag að bæta við vátryggingum ef áhugi er fyrir því.

Hér verður einungis horft til tveggja trygginga, þ.e. slysatryggingar í frítíma og ábyrgðartryggingar. Eins og fyrrnefnda tryggingin ber með sér bætir hún, með fyrirfram umsömdum fjárhæðum, líkamstjón vátryggðs vegna slyss sem hann verður fyrir í frítíma. Bætur hækka eftir alvarleika slyss. Ábyrgðartrygging á hinn bóginn bætir það tjón, sem vátryggður verður fyrir við það að verða skaðabótaskyldur eftir almennum reglum. Ef vátryggður veldur tjóni af gáleysi (ásetningstjón er aldrei bætt) og verður skaðabótaskyldur, þarf t.d. að greiða 5.000.000 krónur í skaðabætur auk kostnaðar, fengi hann það tjón (og kostnaðinn) bætt úr ábyrgðartryggingu, e.t.v. að frádreginni einhverri sjálfsáhættu.

Spurningin hér er: Gilda þessar tryggingar, slysatrygging í frítíma og ábyrgðartrygging, þegar vátryggður verður fyrir líkamstjóni, eða veldur öðrum líkams- eða munatjóni, þegar hann er að vinna sem sjálfboðaliði fyrir íþróttafélag? Ég hef farið yfir einn flokk heimilis- og fjölskyldutrygginga, hjá fjórum stærstu vátryggingafélögum landsins, þ.e. flokk þrjú, sem er næst efsti eða efsti flokkur, slíkra vátrygginga. Sum félög hafa fjóra flokka, önnur að annað þrjá. Niðurstaðan af því er þessi:

Um slysatryggingar í frítíma er gildissviðið slys, sem verður í frítíma vátryggðs, við heimilsstörf hans og við skólanám. Slysatryggingarnar gilda ekki um slys hans sem verða í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysahætta fylgir og heldur ekki um slys sem verða á leið til eða frá vinnu. Í stuttu máli verður af skilmálum í þessum flokki dregin sú ályktun að slysatryggingin myndi gilda ef sá sem sem verður fyrir slysi (vátryggður) er að sinna ólaunuðu sjálfboðaliðastarfi í frítíma sínum fyrir íþróttafélag.

Um ábyrgðartrygginguna er gildissviðið hið sama. Félagið bætir tjón sem vátryggður verður fyrir vegna þess að hann veldur öðrum líkams- eða munatjóni og verður skaðabótaskyldur, enda hafi tjóninu valdið utan atvinnurekstrar og ekki vegna atvinnu vátryggðs í eigin þágu eða í þjónustu annarra. Sá sem sinnir sjálfboðaliðastarfi fyrir íþróttafélag í frístundum sínum og verður skaðabótaskyldur samkvæmt framansögðu ætti þannig rétt á því að sér yrði haldið skaðlausum af því tjóni sem yrði, e.t.v. að frádreginni sjálfsáhættu.

Í báðum tilvikum sem lýst hefur verið er miðað við að vátryggður þiggi enga greiðslu fyrir sjálfboðaliðastarfið og geri það í frítíma sínum.

Sérstök áherzla er lögð á að ofangreind niðurstaða er miðuð við tiltekna skilmála (heimilis- og fjölskyldutryggingu 3) hjá fjórum vátryggingafélögum; Sjóvá-almennum tryggingum hf., TM tryggingu hf., VÍS hf. og Verði hf. Aðrir skilmálar kunna að leiða til annarrar niðurstöðu. Athuga verður hverju sinni hvert gildissvið slíkra skilmálar er.

### *3.6 Hvaða leiðir standa íþróttahreyfingunni til boða til að tryggja betur stöðu sjálfboðaliða?*

Eins og fram kemur í síðasta kafla gilda a.m.k. sumar heimilis- og fjölskyldutryggingar um líkamstjón vátryggðra við ólaunuð störf sem sjálfboðaliðar sinna fyrir íþróttafélög í frítíma sínum. Hið sama á við um ábyrgðartryggingar í þessum samsettum vátryggingum og taka til líkams- eða munatjóns sem sjálfboðaliðinn veldur öðrum.

Eftir stendur að það eru ekki allir sjálfboðaliðar sem njóta verndar heimilis- og fjölskuldu trygginga, auk þess sem ekki er víst að gildissvið slíkra trygginga sé í öllum tilvikum hið sama. Íþróttahreyfingin (ÍSÍ eða einstök íþróttafélög) gæti tekið hópvátryggingu er fæli í sér slysatryggingu og ábyrgðartryggingu sem bætti líkamstjón þeirra, sem yrðu fyrir slíku tjóni í starfi sjálfboðaliða í þágu íþróttafélaga, og/eða sjálfboðaliða sem yrðu fyrir tjóni vegna skaðabótaskyldu á líkams- eða munatjóni annarra sem valdið hefði verið í sjálfboðaliðastarfinu. Taka þyrfti ákvörðun um hvernig sá hópur yrði afmarkaður sem slík hópvátrygging tæki til, t.d. þannig að vátryggingin tæki til þeirra sem væru sjálfboðaliðar og í þannig sambandi við íþróttafélagið að unnt væri að telja þá sjálfboðaliða sem ynnu verk að beiðni og í þágu félagsins og að félagið hefði rétt til að ákveða hvernig hann framkvæmdi verkið, þ.e. samband sem er sambærilegt því sem reglan um vinnuveitandaábyrgð ætti við um.

### *4. Samantekt í stuttu máli*

Í greinargerð þessari er fjallað um nokkur álitaefni sem varða skaðabóta- og refsiábyrgð sjálfboðaliða sem sinna störfum fyrir íþróttahreyfinguna og hvaða kostir eru fyrir hendi til þess að léttu þessari ábyrgð af sjálfboðaliðum að því marki sem unnt er.

Tekið er fram að meginregla laga sé sú að sjálfboðaliðar sem valda öðrum líkams- eða munatjóni í sjálfboðaliðastarfinu með skaðabótaskyldum hætti beri persónuleg ábyrgð á því tjóni eins og

aðrir. Grundvöllur þeirrar ábyrgðar sé sakareglan, það er að sjálfboðaliði hafi valdið tjóninu af ásetningi eða með gáleysi.

Sá sem sinnir sjálfboðaliðastarfí fyrir íþróttahreyfinguna getur að vissum skilyrðum uppfylltum einnig verið í sömu stöðu og starfsmaður. Í greinargerðinni er lýst skilyrðum þess. Ef svo er ber það íþróttafélag, sem hann vinnur að sjálfboðaliðastörfum fyrir, einnig ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda. Er það á grundvelli reglu um vinnuveitandaábyrgð. Þótt íþróttafélag gæti þannig orðið skaðabótaskyld, auk skaðabótaskyldu sjálfboðaliðans, vegna tjóns, sem hann hefur valdið, þá leysir það ekki sjálfboðaliðann undan ábyrgð. Í greinargerðinni er bent á reglur 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem gætu létt ábyrgð í heild eða að hluta af sjálfboðaliða ef sanngirnirskök mæltu sérstaklega með því.

Þá er upplýst að um refsiábyrgð sjálfboðaliða gildi sömu reglur og eigi við um aðra einstaklinga og að hvorki staða manns sem sjálfboðaliði né heldur tilvist vátrygginga skipti nokkrum um refsiábyrgðina.

Ekkert sérstakt þarf til að virkja ábyrgð þess sem telst sjálfboðaliði umfram það að tjóni hafi verið valdið eða refsiverður verknaður framinn.

Tilvist vátrygginga getur haft miklað þýðingu fyrir sjálfboðaliða. Ef hann þiggur ekki laun fyrir sjálfboðaliðastarfann, eða hefur fjárhagslegan ávinning af því, og sinnir því verki í frítíma sínum geta heimilis- eða fjölskyldutryggingu, sem nefndar er í greinargerð þessari, haft eftirtalin áhrif. Í fyrsta lagi gæti sjálfboðaliðinn fengið nokkrar bætur fyrir líkamstjón sitt sem hann yrði fyrir í starfi sem sjálfboðaliði. Í öðru lagi gæti tilvist ábyrgðartryggingarþáttar í heimilis- eða fjölskyldutryggingu, sem sjálfboðaliði hefði tekið, leitt til þess að honum yrði haldið skaðlausum þótt hann yrði skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem hann kynni að valda öðrum. Hann gæti þó þurft að bera einhverja sjálfsáhættu.

Til að auka öryggi sjálfboðaliða sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna, einkum þeirra sem ekki nytu verndar eigin vátrygginga, væri unnt að taka hóptváryggingu með slysatryggingu og ábyrgðartryggingu sem bætti líkamstjón sem sjálfboðaliði yrði fyrir og héldi honum að mestu skaðalausum þótt hann ylli öðrum tjóni af gáleysi þegar hann sinnti sjálfboðaliðastarfinu.

Slíkar vátryggingar hefðu þó engin áhrif á refsiábyrgð.

Reykjavík, 2. maí 2023



Viðar Már Matthíasson